



Birt með leyfi lj

Stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga

Á síðasta ári óskaði Elkem eftir því að Almenna verkfræðistofan sæi um að hanna, bjóða út og sjá um allar byggingaframkvæmdir vegna stækkunar Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Um er að ræða nýja framleiðslulínu sem framleiða á FSM eða Ferro Silicium-Magnesium sem nefnt hefur verið magnesíumkísiljárn. Þessi nýja framleiðslulína krefst þess að núverandi ofnhúsbygging er breikkuð um eitt bil eða 10 m. Auk þess er byggt sérstakt hús fyrir deigluverkstæðið, millilager fyrir ómalaða framleiðslu og sjálfvirka mölunar/sigtunar/pökkunarstöð. Bætt er við litlum span ofni sem bræðir saman járnblendid úr ofni I og öðrum hráefnum sem bætt er í litla ofninn. Málminum er hellt í steypubelti þar sem hann er kældur og fluttur í geymslusiló. Síðan er málmurinn malaður og sigtaður að óskum hvers kaupanda. Öllu efninu verður skipað út í gáma. Framleiðslugetan verður um 60 þús. tonn á ári, sem gerir lj að stærsta FSM framleiðanda í heiminum. Nýi FSM búnaðurinn er umtalsverð fjárfesting fyrir Elkem. Áætlaður kostnaður hljóðar upp á 3 milljarða ísl. króna.

Samið var við Ístak um byggingu allra bygginga og uppsetning vélbúnaðar. Framkvæmdir við stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga hófust 14. nóvember sl.

Egill Viðarsson er verkefna- og hönnunarstjóri verksins og Emil Ágústsson er staðarstjóri. Þeim til aðstoðar er fjöldinn allur af starfsfólki Almennu verkfræðistofunnar. Áætlað að framkvæmdum ljúki í lok febrúar 2008.



Umferðar- og skipulagssvið

Á síðustu árum hefur þörfin fyrir ráðgjöf á sviði umferðarmála farið sívaxandi. Með vaxandi íbúafjölda og aukinni bílaeign hefur umferð sífellt verið að aukast, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og annars staðar á landinu. Kröfur um ný umferðarmannvirki eða endurbætur á eldri mannvirkjum til að auka umferðaröryggi hafa sjaldan eða aldrei verið meiri. Á hinn bóginn hefur orðið vitundarvakning meðal fólks um neikvæð áhrif umferðar og umferðarmannvirkja á umhverfið. Úrlausn þessara mála verður því stöðugt flóknari.

Til að mæta þessari þörf var í upphafi ársins 2007 stofnað nýtt svið hjá Almennu verkfræðistofunni, Umferðar- og skipulagssvið. Hið nýja svið tekur að hluta til við verkefnum sem voru áður hjá Virkjana- og samgöngusviði. Þar sem skipulagsmál eru nátengd umferðarmálum hefur sérfræðipækning í báðum þessum málaflokkum nú þegar verið eflað hjá Almennu verkfræðistofunni og hefur verið ákveðið að efla hana enn frekar. Þórarinn Hjaltason, M.Sc. og MBA, hefur verið ráðinn fagstjóri sviðsins. Hann er sérmenntaður á sviði umferðarverkfræði og hefur víðtæka reynslu á sviði umferðar- og skipulagsmála.

Eftirfarandi eru helstu málaflokkar sem Umferðar- og skipulagssvið AV mun

koma að:

- Umferðarskipulag, umferðartæknileg forhönnun vega og gatna, úttekt á umferðaröryggi og tillögur um úrbætur, útreikningar á umferðarhávaða.
- Hönnun og ráðgjöf við nýbyggingu og endurbætur vega og gatna.
- Hönnun og ráðgjöf við nýbyggingu og endurbætur flugvallar.
- Svæðis-, aðal- og deiliskipulag bæjar- og sveitarfélaga, auk almennrar ráðgjafar á sviði skipulagsmála.
- Aðstoð við byggingarfulltrúa- og skipulagsembætti bæjar- og sveitarfélaga.

Almenna verkfræðistofan hefur átt drjúgan þátt í undirbúningi, hönnun og umsjón með ýmsum verkefnum er varða bæði vega- og gatnagerð. Þá hefur Almenna verkfræðistofan veitt ráðgjöf við nýbyggingu og endurbætur á flugvöllum allt frá stofnun stofunnar.



Könnun á ánægju viðskiptavina

Í október og nóvember á síðasta ári gerði Capacent Gallup könnun á ánægju viðskiptavina Almennu verkfræðistofunnar. Í heild gefa niðurstöður könnunarinnar til kynna að viðskiptavinir fyrirtækisins séu almennt ánægðir með þjónustu AV. Aðeins 1,6% aðspurðra voru frekar óánægðir með þjónustuna og enginn mjög óánægður. En að sjálfsögðu voru viðskiptavinir mis-

ánægðir með hina ýmsu þætti starfseminnar.

Starfsfólk AV kom mjög vel út úr könnuninni því fjórar hæstu einkunnirnar voru vegna spurninga um fagþekkingu, viðmót, aðgengileika og skilning starfsfólks á þörfum viðskiptavinarins. Þegar þess er gætt að góð þjónusta byggist fyrst og fremst á góðu starfsfólki skýra þessar niðurstöður um starfsfólkið að verulegu leyti ánægju viðskiptavina almennt.

Athyglisvert er að einkunn fyrir það hvernig staðið er við loforð um tímasetningar er aðeins lítillega yfir meðallagi annarra þátta í starfseminni en miðað við þann samanburð sem Capacent Gallup veitir við önnur fyrirtæki er AV að standa sig mun betur en meginþorri þeirra fyrirtækja sem veittur er samanburður við.

Þá var spurt um það hvort viðskiptavinir teldu að gæði vinnubragða AV hafi batnað eftir að gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins var vottað. Tæplega fimmtungur viðskiptavina taldi að vinnubrögð væru betri eða miklu betri en fyrir vottun. Óneitanlega hefðum við kosið að fleiri viðskiptavinir hefðu veitt breytingunni athygli.

Að lokum þökkum við þeim viðskiptavinum sem þátt tóku í könnuninni fyrir að gefa sér tíma til að veita okkur þessar mikilvægu upplýsingar. Við munum taka mikið mið af þeim og öðrum ábendingum, sem fram komu, þegar við ákveðum aðgerðir til að bæta þjónustu okkar í framtíðinni.



Skemmdir eftir óveðrið sl. haust.

Sjóvarnir í Reykjavík

Snemma í nóvember 2006 gekk mikið óveður yfir suðvestanvert landið. Í þessu óveðri var samfall milli hárrar sjávarstöðu og mikils suðvestanvinds.

Þegar vindur blæs frá vestri eða suðvestri hækkar sjávarborð við ströndina. Vindur og öldur pumpa sjó inn í áttina að Ánanaustum. Hólmarnir og Akurey gera það að verkum að vatnsmagnið á sér enga auðvelda undankomuleið og við það hækkar vatnsborð mikið á svæðinu frá Mýrarhúsatanga að Örfirisey. Afleiðingar þessa eru mikil ágjöf, flóð á nærliggjandi götum og skemmdir.

Verulegar skemmdir hafa orðið á nærliggjandi göngustígum og þegar verst lætur hefur flætt inn í kjallara nærliggjandi húsa.

Framkvæmdasvið Reykjavíkur hefur falið Almennu verkfræðistofunni að vinna tillögur að úrbótum á sjóvörnum og göngustígum. Úrbætur eiga að miða að því að takmarka skemmdir á nærliggjandi mannvirkjum.

Mjög vinsælt er að njóta útivistar

meðfram ströndinni og er göngustígur aftan við sjóvarmargarðinn mikið notaður. Tillögur AV taka mið af þessari notkun og miða úrbætur að því að rask verði sem minnst þannig að gangandi vegfarendur geti enn notið útsýnis á góðviðrisdögum.



Jólasveinninn er alltaf gjafmildur

STAV

Jólaball Almennu verkfræðistofunnar var samkvæmt venju haldið milli jóla og nýárs. Mæting var góð nú sem endranær og skemmtu stórir sem smáir sér vel við harmonikkuspil og söng. Þegar gengið hafði verið kringum jólatréð drjúga stund var boðið upp á veitingar að hætti hússins. Var svo tekið til við dansinn að nýju og ekki leið á löngu þar til jólasveinn í fullum skrudá birtist. Var honum tekið með kostum og kynjum. Eftir að Sveinki hafði tekið nokkur lög með viðstöddum útdeildi hann úr pokanum og hvarf því næst á braut. Hélt þá hver til síns heima og var mál manna að vel hefði tekist til nú sem endranær.

NÝIR STARFSMENN



Bergþór Lund

er með B.Sc. próf í orkutækni frá Tækniháskóla Íslands. Bergþór hóf störf á Véla- og rafmagnsviði í byrjun janúar sl. Hans helstu verkefni verða hönnun og eftirlit með uppsetningu á vélbúnaði og málmhlutum.



Sigurður Gústafsson

er tækniteiknari frá Iðnskólanum í Hafnarfirði. Hann hóf störf á Innra þjónustusviði í janúar sl. Hans helstu verkefni verða véla- og lagnatekningar.



Ingibjörg Sverrisdóttir

hóf störf á Innra þjónustusviði í janúar sl. Hún mun sjá um kaffistofu Almennu verkfræðistofunnar.



Þórarinn Hjaltason

er með M.Sc. í byggingarverkfræði frá DTU með umferðarverkfræði sem sérgrein og MBA frá Durham háskóla í Englandi. Þórarinn hóf störf á Umferðar- og skipulagssviði um s.l. áramót. Hans helstu verkefni verða, auk þess að vera fagstjóri sviðsins, umferðarskipulag og umferðartæknileg verkefni.